



Skólaráð Tjarnarskóla
Fundargerð 47. fundar
2. fundur á skólaárinu 2024-2025
25. nóvember 2024 kl. 8.30

Mætt á fundinn:

Birna Dís Björnsdóttir, skólastjóri
Jökull Jóhann Karlsson, fulltrúi nemenda
Matthías Thorberg Magnússon, fulltrúi nemenda
Kristín Rós Egilsdóttir, fulltrúi annars starfsfólks
Kristín Inga Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara
Sigurborg Pálína Hermannsdóttir, fulltrúi kennara
Halla Helgadóttir, fulltrúi foreldra
Ólöf Arnalds, fulltrúi foreldra
Margrét Theodórsdóttir sat einnig fundinn.
Rosalie Rut Sigrúnardóttir, fulltrúi grenndarsamfélags, boðaði forföll.

Birna bauð fundarmenn velkomna á 2. fund skólaráðsins.

Dagskrá:

1. Kynning á niðurstöðum viðhorfskönnunar um símafrí.

Birna sagði frá könnuninni sem var lögð fyrir foreldra og nemendur fyrir stuttu. Afgerandi ánægja er með nýja fyrirkomulagið meðal foreldra þar sem 95% foreldra sögðust vera mjög ánægð. Niðurstöður könnunar verða settar á heimasíðu skólans undir hnappnum „Fréttir“. Starfsfólk er mjög ánægt með breytinguna og finnst nemendur hafa betri einbeitingu og samskipti í frímínútum hafa aukist á jákvæðan hátt. Fulltrúar nemenda í skólaráðinu lýstu mikilli ánægju með breytingarnar.

Við teljum að góður undirbúningur fyrir breytinguna hafi hjálpað til hversu vel hefur til tekist.

Í nemendakönnuninni kom fram að um 60% nemenda taka eftir jákvæðum breytingum í frímínútum eftir að símafríið hófst. Nemendur nefndu að nú væri óþægilegra að fylgjast með tímanum þegar þeir fara úr húsi, en eru að læra að fylgjast með klukkum í umhverfinu og posum í búðum.

Foreldri í ráðinu veit af skólum sem eru að íhuga að hvetja til að tekið verði upp símafrí og það um leyfi til að segja frá okkar reynslu og jafnvel að foreldrar úr öðrum skóla fái að haai samband til að fá upplýsingar. Því erindi verður tekið jákvætt.

2. Afmælisár Tjarnarskóla – 40. starfsárið

Fulltrúar í ráðinu voru beðnir um að fara á hugarflug varðandi góðar hugmyndir. Nú er stefnt á að hafa viðburð 13. mars næst komandi. Búið er að panta stóra salinn í lðnó þar sem fyrirhugað er að hafa dagskrá fyrir nemendum, foreldra og gesti skólans. Einnig nýtum við skólahúsið og bjóðum eldri nemendum og starfsfólki að gleðjast með okkur í báðum húsum.

Hugmyndir:

- Væri gaman að hafa kynningar í skólahúsinu, mismunandi í hverri stofu, t.d. saga hússins, grenndarsamfélagið; setja upp eins og listsýningar.
- Sýna valin rannsóknarverkefni, sem nemendur skila í janúar.
- Sýna myndbönd af rannsóknarverkefnum.
- Búa til aðgang að myndum sem hafa verið teknar í gegnum tíðina; hægt verði að skoða myndir í tölvum á staðnum.
- Búa til Fésbókarsíðu þar sem fyrrverandi nemendum og kennurum verði boðin aðgangur, og beðin um að bjóða bekkjarfélögum (umræða um hvort hún ætti að vera opin/lokuð. Niðurstaða: Opin. Gæti orðið vettvangur til að deila minningum/myndum. Margrėti falið að stofna síðuna. Síðar er hægt að stofna viðburð á síðunni til að minna á viðburðinn 13. mars.
- Verið er að skanna ljósmyndir frá árunum 1985 – 2006.
- Hugmynd að tengja þemadagana í desember við afmælisárið.
- Einnig rætt um hvernig/hvort við ættum að skreyta húsið, að utan/innan.
- Væri gaman að hafa samkeppni um afmælisfána skólans.

Dagskráin í lðnó verður kynnt þegar nær dregur viðburðinum í mars.

3. Hugmyndir að „opnum fundi skólaráðs“ á vordögum.

Skólaráðið stendur ávallt fyrir einum viðburði á hverjum skólavetri, ýmist einungis fyrir foreldra eða bæði foreldra OG nemendur.

- Tillaga um að kanna með góða forvarnarfræðslu.
- Náttúrulæknafélagið var með flottan viðburð um skjáfíkn um daginn.
- Samfélagslöggurnar hafa verið í skólanum.
- Flott að tengja fyrirhugaðan fund bæði við nemendur og foreldra. Þá er kominn góður grundvöllur fyrir foreldra og nemendur að halda umræðunni áfram heima fyrir.
- Halldóra Geirharðs er góður og drífandi karakter, gaman að hlusta á hana og hún hvetjandi.

Allir fulltrúar í ráðinu ætla að vera með augu og eyru opin fyrir góðum hugmyndum fyrir dagskrá „opna fundarins“.

4. Önnur mál

Á síðasta fundi var óskað eftir skóhorni við skóhillur, skóhornið er komið 😊 Mikil gleði var hjá nemendum þegar skóhornið var sett upp.

Óskir frá nemendum að skólinn eignist fleiri Uno-spil, eigum bara einn Super-stokk. Kennarar ætla að nota Black - Friday til að kaupa spil.

Fleira ekki rætt, skólaráðsmönnum þakkað fyrir góðan fund – og fundi slitið kl. 9.20

KR/MT